









Peter Gotthardt

ÖRLÖG ÁLFAFÓLKSINS 1-4



Peter Gotthardt

ÖRLÖG ÁLFAFÖLKSINS 1-4



SAGA
EGMONT

Peter Gotthardt

Örlög álfafólksins 1-4

Þýðandi: Erla Sigurðardóttir

SAGA Egmont

Örlög álfafólksins 1-4

Erla Sigurðardóttir

Elverfolkets skæbne 1-4

Copyright © 2013, 2020 Peter Gotthardt and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726603316

1.e-book edition, 2020

Format: EPUB 3.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont www.saga-books.com – a part of Egmont,
www.egmont.com

Örlög álfafólksins 1

Járngráir stríðsmenn

Hér segir frá mestu hörmungartímum í langri sögu álfanna. Þegar voldugur óvinur réðst með her sinn inn í álfaríkið. Hann ætlaði að hneppa alla álfa í ánauð. Álfarnir fylltust sorg og reiði. Óvinurinn herjaði á fagurt landið og ógnaði frelsi álfanna. Þeir gripu til varna án þess að hika. Þeir vissu að framtíð álfafólksins var í húfi.

Á stóra eikartrénu í hallargarðinum voru ný og fagurgræn lauf. Undir því sátu nokkrir álfar. Meðal þeirra var Dvergdepla drottning. Hún bjó í höllinni með riddurum sem áttu að verja álfalandið gegn öllu illu.

Í dag hafði drottningin kallað vini sína saman til að fagna því að vorið var loksins komið. Á borðinu var nýbakað brauð og hunangskökur, þurrkaðir ávextir og ný egg.

„Þetta er fallegasti tími ársins,“ sagði drottningin. „Þegar allt grænkar fyllist hjarta mitt af gleði. Að þessu sinni hef ég ríka ástæðu til að fagna. Ég óttaðist að börnin mín væru horfin að eilífu. En nú hef ég endurheimt þau.“

Hún horfði blíðlega á Freyjubrá dóttur sína og soninn Brómstilk. Systkinin voru nýkomin heim í álfalandið úr hættuför til framandi konungsríkis.

„Mikið hafið þið stækkað,“ sagði Nellika þegar hún sá þau. Hún hafði gætt þeirra þegar þau voru lítil.

Freyjubrá var orðin næstum jafn hávaxin og mamma hennar. Það hafði líka tognað úr Brómstilki, litla bróður hennar.

„Ég frétti að þér hefði farið fram í skylmingum,“ sagði Heslir riddari, maður Nelliku. Áður fyrr hafði hann þjálfað

Freyjubrá í að berjast með sverði.

„Freyjubrá er snillingur!“ sagði Brómstilkur.

Freyjubrá roðnaði.

„Það er satt sem Brómstilkur segir,“ sagði ungur riddari, Broddheggur að nafni. Hann hefði farið með þeim í ferðina löngu.

„Ég átti að verja þau bæði. En oft var það nú Freyjubrá sem kom okkur hinum til varnar.“

Þau hlógu öll. Brómstilkur leit stoltur á systur sína.

„Gæti ég þá ekki orðið riddari einn góðan veðurdag?“ spurði Freyjubrá.

Heslir jánkaði því.

En drottningin virtist efins.

„Það er enginn barnaleikur að vera riddari,“ sagði hún.

„Það veit ég vel,“ svaraði Freyjubrá. „En ég er heldur ekkert barn.“

„Nei, ekki lengur,“ andvarpaði móðir hennar.

Í sömu andrá barst hófatak frá opnu hliðinu. Ungur álfur kom flengriðandi á svitagljáandi hesti sínum.

„Honum virðist liggja mikið á hjarta,“ sagði Heslir.

Álfurinn stökk af baki og hljóp til drottningarinnar.

„Nú eru álfar í vondum málum!“ stundi hann. „Óvinurinn er mættur. Bændur eru lagðir á flóttu og það rýkur úr brennandi húsunum. Hvílíkar hörmungar!“

„Hvað ertu að segja?“ hrópaði drottningin og var greinilega brugðið.

Heslir rétti álfinum bikar af víni og sagði: „Vættu nú kverkarnar og segðu okkur allt af léttu.“

„Ég heiti Yllir,“ hóf álfurinn mál sitt. „Ég er landamæravörður lengst í norðri, á útmörkum álfaríkisins. Við félagarnir stöndum vörð við Ryksléttuna. Það er auðvelt verk því sléttan er lítið annað en hrjóstrug eyðimörk sem

teygir anga sína margar mílur til norðurs. Þar vex ekkert og engin lifandi sála er þar á ferli.

Það héldum við allavega. En fyrir hálfum mánuði barst gríðarstórt rykský yfir sléttuna. Það reyndist vera her sem nálgadist óðum. Hann réðst eins og stormviðri inn í álfalandið. Við neyddumst til að taka til fótanna umsvifalaust. Við gátum ekkert gert til að stöðva innrásina.“

„Hvað geturðu sagt okkur um óvininn?“ spurði Heslir.

„Ekkert nema þetta,“ svaraði Yllir. „Ég stökk strax á bak og leitaði eftir hjálp. Á meðan ætluðu félagar mínir að safna saman hugrökkum álfum. Þeir ætla að reyna að tefja fyrir óvinahernum þar til riddararnir verða komnir á vettvang. Ég hef riðið dag og nótt hingað til hallarinnar til að vara ykkur við. Nú ræðst framhaldið af því hvað þú gerir, Dvergdepla drottning.“

„Það eru óvinir komnir inn í landið okkar. Það verður að stöðva þá eins hratt og hægt er,“ sagði drottningin. „Heslir og Broddheggur, kallið saman riddara hallarinnar. Og komið boðum til allra í nágrenninu sem eiga hesta og vopn. Við leggjum í hann strax í fyrramálið. Ég verð sjálf með í för.“

„Ég líka,“ sagði Freyjubrá.

„Kemur ekki til greina!“ sagði móðir hennar ákveðin.

„Ég verð að gera það,“ sagði Freyjubrá. „Þegar álfarnir berjast fyrir lífi sínu, get ég ekki falið mig heima.“

„En ...,“ byrjaði drottningin.

Nellika lagði hönd á handlegg drottningar og sagði: „Freyjubrá hefur rétt fyrir sér. Einn góðan veðurdag verður hún foringi álfanna. Hún verður að vera hjá þeim þegar hætta steðjar að.“

Drottningin andvarpaði djúpt. En síðan kinkaði hún kolli.

„Takk,“ hvíslaði Freyjubrá að Nelliku þegar þær voru komnar inn í höllina.

„Ekki þakka mér,“ sagði Nellika dauf í bragði. „Ef eitthvað kemur fyrir þig á ég eftir að iðrast þess það sem eftir er.“

Næsta dag reið mikil álfahersing af stað og stefndi með hraði norður í land. Riddararnir voru í fararbroddi. Á eftir þeim riðu þúsund álfar vopnaðir spjótum og öxum. Sólin glampaði á vopnin og skínandi skildina. Hestarnir frýsuðu og fangið feyktist til. Þeir nutu þess að spretta úr spori eftir langan vetur í hesthúsinu.

Álfarnir voru þöglir og alvarlegir á svip. Þeir vissu að þeirra beið hörð orrusta.

Fremst reið Freyjubrá ásamt Hesli og Broddhegg. Þeir ætluðu báðir að gæta hennar eins vel og þeir gátu.

Drottningin reið í miðri fylkingunni. Hún bar engin vopn. En návist hennar stappaði stáli í álfana.

Á eftir henni reið Armsterkur riddari. Hann var tröll sem Dvergdepla drottning hafði boðið til hallar sinnar og slegið til riddara. Því hafði hann aldrei gleymt. Hann var reiðubúinn að fórna lífi sínu fyrir hana og vernda með öllum ráðum. Með beitrri öxi sem hékk á baki hans. Hún var svo stór og þung að enginn álfur gat bifað henni.

Álfarnir riðu allan daginn. Þeir hvíldu sig í stuttri vornóttinni og héldu áfram för sinni um leið og sólin var komin upp.

Um miðjan næsta dag áður riddararnir og brynntu hestunum. Fram undan blöstu við akrar og engi. Í austri var stór skógur en handan hans teygðu fjöllin sig til himins.

Freyjubrá, Heslir og Broddheggur riðu áfram til að kanna landið.

„Þarna kemur einhver,“ sagði Freyjubrá og benti yfir akrana.

„Stríðsmenn?“ spurði Heslir.

En það reyndist vera hópur bænda sem kom ríðandi.

„Óvinir!“ stundi sá sem reið fremstur. „Það eru komnir stríðsmenn í þúsundatali. Þeir ruddust inn í þorpið okkar og lögðu það í rúst Við áttum fótum okkar fjör að launa.“

„Hvernig tekst þeim að komast svona hratt yfir?“ hrópaði Broddheggur.

„Þeir keyra hestana áfram án þess að sýna nokkra miskunn,“ sagði bóndinn. „Vesalings skepnurnar eru barðar til blóðs. Það er hörmung að sjá það.“

„Þarna sé ég þá koma!“ hrópaði Freyjubrá.

Úti á ökrunum nálgudust stríðsmennirnir á svörtum hestum í hverri fylkingunni á fætur annarri. Þeir voru brynjaðir frá hvirfli til ilja. Skildirnir voru rauðir sem eldur og gulir sem brennisteinn.

Fremstur fór konungurinn í hervagni sínum sem fjórar fnæsandi grænar eðlur drógu. Það gljáði á hreistur þeirra.

Herklæði konungs voru úr silfri og hjálmur hildi andlit hans. Á vagninum blakti fáni með merki konungs – grátt steinhjarta á eldrauðum grunni.

Á eftir vagninum þrömmuðu lífverðir konungs. Hersing af tvífættum skrímslum. Þau voru eins og villisvín með vígtennur, horn og gadda. Lífverðirnir voru vopnaðir löngum járnkeðjum með hvössum brúnum.

„Þeir eru svo margir,“ stundi Freyjubrá skelfingu lostin.

„Af hverju eru þeir komnir hingað?“ spurði Broddheggur undrandi.

„Örugglega ekki til að vingast við okkur,“ svaraði Heslir.

Þau flýttu sér ásamt bændunum til drottningar og riddara hennar. Álfahersingin horfði óróleg á þennan risaher sem nálgadist óðfluga.

Nú gaf kóngurinn merki og stríðsmennirnir gráu námu staðar.

„Af hverju ætli þeir hafi stoppað?“ spurði drottning Hesli undrandi.

„Þeir eru að bíða eftir því að þið gefist upp,“ sagði rödd fyrir framan þau.

Og nú steig fram kona. Hún var há, grönn og kvik og kjóll hennar glitraði eins og af silfurgljáandi hreistri. Um háls og handleggi héngu keðjur úr gulli.

Riddararnir sem næstir stóðu drógu sverð sín úr slíðrum. En konan glotti bara.

„Hvaða erindi áttu hér?“ spurði drottningin.

„Ég heiti Silkitunga,“ svaraði konan. „Ég er sendiboði Hroka konungs. Það eru herir hans sem blasa við ykkur. Þeir munu láta höggin dynja eins og hnefar úr stáli og eru þess vegna kallaðir Stálhnefarnir. Hroki konungur er drottnari heimsins. Enginn rís upp gegn yfirráðum hans. Ef þið eruð snjöll gefið þið ykkur honum á vald. Þá getið þið þjónað honum og fengið hlutdeild í völdum hans og auði. Hann gaf mér þessar þungu keðjur sem ég ber.“

Dvergdepla drottning leit kuldalega á konuna og sagði: „Þetta er land álfanna. Ykkar kóngur á ekkert erindi hingað. Hann er ræningi og morðingi og við viljum ekkert með hann hafa.“

„Neitið þið þá að lúta Hroka konungi!“ hrópaði Silkitunga. „Ætlið þið að verjast? Fífl! Hann bryður ykkur í mál rétt eins og björninn bryður í sig epli með sterkum kjálkunum.“

„Hótanir þínar hræða okkur ekki,“ sagði drottningin. „Og við treystum ekki orði af því sem þú segir. Hunskastu burt!“

Silkitunga sendi drottningu illt auga og hvæsti: „Erkifífl! Ykkar bíður ekkert nema dauðinn!“

Allt í einu var hún horfin.

„Ætlum við þá að berjast?“ spurði Freyjubrá.

„Við eigum ekki annarra kosta völ,“ svaraði Heslir. „Það verður að stöðva stríðsmennina áður en þeir ná til hallarinnar.“

„Og áður en þeir eyðileggja landið okkar fagra,“ bætti drottningin við.

„Ég er til ef ég get gert eitthvert gagn,“ sagði einn bændanna. Það var ungur álfur. Hann var sólbrenndur og hárið upplitað í sólinni. „En ég á engin vopn.“

„Hvað heitir þú?“ spurði Freyjubrá forvitin. Henni líkaði vel hvað hann tók djarflega til orða og glampinn í brúnum augunum fannst henni heillandi.

„Humall heiti ég,“ svaraði hann.

„Gott og vel, Humall,“ sagði Heslir og rétti honum spjót. „Það er alltaf þörf fyrir hugdjarfan mann eins og þig. Ekki síst núna.“

Nú réðst álfaherinn til atlögu gegn Hroka kóngi og stálhnefum hans. Heslir stjórnaði sókninni. Drottningin hélt sig til hlés. Hún stóð aftast í hersingunni með Armsterki.

Fyrr en varði var bardaginn skollinn á. Hróp og öskur fylltu loftið. Það glumdi í stáli og brast í skjöldum þegar sverðin dundu á þeim.

Hart var sótt að álfunum. Þeir áttu við ofurefli að etja.

„Við verðum að hörfa!“ hrópaði Heslir gegnum orrustugnýinn.

„Hörfa?!“ hrópaði Broddheggur. „Álfar hörfa ekki.“

„Aðeins hinir föllnu hörfa aldrei,“ sagði Heslir. „Við verðum að forða okkur áður en það verður um seinan.“

Hann rétti úr sér í hnakknum og hrópaði: „Álfar! Að skóginum! Núna!“

Ekki var seinna vænna. Álfarnir þeystust í átt að skóginum.

Á flóttanum tókst stálhnefum að króa af Armsterk og drottninguna. Einn þeirra teygði krumluna að henni.

En tókst ekki að ná henni. Armsterkur felldi hann með glymjandi axlarhöggi.

Nú var röðin komin að hinum. Trölilið réðst á þá öskureitt eins og naut í flagi. Öxin flaug sem elding og stríðsmennirnir féllu eða lögðu á flótta.

Armsterkur greip í beislið á hesti drottningar og hljóp af stað. Þau komust í skjól í skóginum ásamt þeim sem eftir stóðu í álfahernum.

Þau flúðu inn undir trén. Enginn kom á eftir þeim. Hroki kóngur hafði haldið áfram herför sinni.

Nú höfðu álfarnir nóg að gera við að jarða hina föllnu og hlúa að þeim sem höfðu særst í bardaganum. Þegar myrkrið skall á tóku álfar sér varðstöðu við skógarjaðarinn. En ekkert virtist ætla að raska næturkyrrðinni.

Næsta dag kom hópur álfa frá höllinni. Í honum voru Nellika og Brómstilkur. Þau höfðu flúið undan óvinahernum.

Álfarnir sögðu að Hroki kóngur væri búinn að koma sér fyrir í álfahöllinni ásamt skrímslum sínum. Stálhnefarnir höfðu riðið út til að rekja slóð allra álfariddara sem þeir fundu.

Álfunum var illa brugðið. Ekki síst Freyjubrá. Hún hafði verið sannfærð um að álfarnir gætu sigrað óvinaherinn.

„Hvað eigum við að taka til bragðs?“ spurði hún vondauf.

„Við getum barist,“ svaraði Humall. Hann var með sárabindi á öðrum handleggnum þar sem hann hafði orðið fyrir sverðshöggi. „Við erum enn á lífi.“

Hann hefur rétt fyrir sér, hugsaði Freyjubrá. Ég má ekki gefa upp vonina.

„En þeir eru svo margir og sterkir,“ stundi Brómstilkur, bróðir hennar. Hann gat ekki gleymt stálhnefunum. Hvernig þeir stormuðu fram að höllinni í endalausum fylkingum.

Heslir lagði hönd á öxl hans og sagði: „Já, útlitið er ekki gott. En álfar hafa séð það svartara.

Það var þegar illir andar lögðu landið okkar undir sig. Þeir breiddu úr sér eins og dimmir skuggar og lokuðu birtuna úti. Allur gróður sölnaði og álfar bjuggu við sára neyð. Við erum nefnilega eins og gróðurinn, við þurfum birtu til að dafna.

Allir óttuðust að nú væri úti um álfana. Allir nema ungálfurinn Blómskjöldur. Hann safnaði saman hópi álfa og stappaði í þá stálinu. Hann var fyrsti konungurinn okkar. Saman hugðust þeir endurheimta birtuna.

Það var hart barist. Blómskjöldur var alltaf fremstur í flokki. Nótt eina gómuðu skuggarnir hann. Þeir drápu hann og földu í iðrum jarðar. Það var myrkasta nóttin í sögu álfanna.

En hjartað í Blómskildi var eins og fræ sem fól í sér líf. Það skaut rótum og óx upp úr moldinni.

Nú var Blómskjöldur kominn aftur til álfanna sinna.

Skuggarnir urðu óttaslegnir þegar þeir sáu það. En álfarnir fylltust von og hugrekki á ný. Stuttu síðar tókst þeim að reka óvininn á flóttu og landið lifnaði við á ný.

Allar götur síðan höfum við álfarnir heiðrað minningu Blómskjaldar. Við treystum því að hann sé meðal okkar þegar myrkrið ætlar að gleypa okkur.

Þannig fór um álfana þegar landið var hernumið af illum öndum,“ lauk Heslir máli sínu.

„Fyrst þeir lifðu af hörmungar og ógnir þá getum við það líka.“

„Heldurðu þá að við sigrum þá?“ spurði Brómstilkur.

„Það veit enginn,“ svaraði Heslir. „Heldur ekki ég. En eitt veit ég og það er að við gefumst ekki upp.“

„Aldrei?“ spurði Brómstilkur.

„Aldrei nokkurn tíma,“ sagði móðir hans og tók utan um hann.